

Vegna: Máls nr. 0146/2024, Efnistaka í Minnivallanámu (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Hér er afgreiðsla Skipulags- og umferðarnefndar vegna erindisins, birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar, en fundur þeirra verður 13. mars nk.

Skipulags- og umferðarnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunnir að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni.

Umhverfisáhrif hafa verið lágörkuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin vill áréttta að öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Höfundur: Haraldur Birgir Haraldsson/birgir@ry.is

Sent inn þann: 05.03.2024, **Fyrir hönd:** Rangárþing ytra



**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 5. mars 2024
2311089HS SHJ

Efni: Efnistaka í Minnivallanámu, nr. 0146/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 8. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar efnistöku í Minnivallanámu í landi Minni-Valla í Rangárþingi ytra.

Skv. tilkynningunni er gert ráð fyrir að taka allt að 70.000 m³ af efni á um 5,4 ha svæði sem er innan fjarsvæðis vatnsverndar VB8 og VB9 fyrir vatnsbólun Tvíbytnulæk og Kerauga. Um er að ræða opna námu þar sem efnistaka hefur verið stunduð í áratugi en áætlað er að þegar hafi verið teknir um 20.000 m³ af efni úr henni á um 1,4 ha svæði. Því er áætlað að taka samtals um 90.000 m³ úr námunni á um 6,8 ha svæði, en skv. gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 er heimil efnistaka allt að 50.000 m³ á um 1 ha svæði.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum en skv. tilkynningunni er ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna efnistökkunnar. Embættið telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en varanleg sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni og starfsháttum á framkvæmdatíma sem og vönduðum frágangi efnistökusvæðisins að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Embættið bendir hins vegar á að umfang framkvæmdarinnar, eins og henni er lýst í ofangreindri tilkynningu, er ekki í samræmi við heimildir í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Þá er í aðalskipulagi gert ráð fyrir að vatnsbólið Kerauga verði framtíðarvatnsból svæðisins en efnistökusvæðið mun teygja sig í áttina að mörkum fjarsvæðis og grannsvæðis vatnsverndar vatnsbólsins. Því er afar mikilvægt að framkvæmdaraðili fylgi þeim mótvægisáðgerðum sem hann boðar í nefndri tilkynningu sem og þeim kröfum um t.a.m. mengunarvarnir, starfshætti og öryggis- og viðbragðsáætlanir sem kunna að vera settar í starfsleyfi og/eða framkvæmdaleyfi fyrir starfseminna.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna og frágangi efnistökusvæða með ómengduðum jarðvegsúrgangi skv. töluliðum 19 og 112 í viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Embættið bendir á að í 6. gr. framan greindra laga kemur fram að allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það er því ljóst að útgáfa starfsleyfis fyrir efnistöku og frágang í Minni-Vallanámu er háð því að gerð verði aðalskipulagsbreyting sem heimilar það umfang efnistöku sem gert er ráð fyrir í ofangreindri tilkynningu um framkvæmd.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Uggi Ævarsson
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

Rangárþing ytra
Skipulagsfulltrúi, birgir@ry.is
Suðurlandsvegur 1
850 Hella

fimmtudagur, 7. desember 2023
MÍ202312-0045/ 6.10 / U.Æ.

Efni: Minni - Vallanáma. Enduropnun og stækkun

Minjastofnun Íslands barst umsagnarbeiðni vegna enduropnunar efnisnámu í landi Minni - Valla á Landi, Rangárþingi ytra. Um er að ræða gamla námu sem vilji er til að fara aftur í og stækka til suðsuðvesturs. Jörðin hefur verið fornleifaskráð:

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV, I. bindi. Ritstj. Kristborg Þórsdóttir. FS634-06194. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík, 2020.

Minjavörður fór á vettvang og tók svæðið út með tilliti til gamalla húsa, mannvirkja og fornleifa. Um er að ræða rúmlega helmingsstækkun miðað við núverandi námu, til suðsuðvesturs. Minjavörður gekk um 150 m suður fyrir gefin s-hnit. Minjar er ekki að sjá innan þess svæðis en beitarhúsatóftir (RA443: 033) eru í um 200 m fjarlægð til vesturs. Gamla bæjarstæði Minni – Valla (RA443: 001a+c) er í um 300 m fjarlægð til vestsuðvesturs. Fjargata liggur fast austan við syðri hluta fyrirhugaðrar námu sem ætti þó að sleppa við rask miðað við útmörk skipulagssvæðis. Áætluð stækkun námustæðis er á hraun/gjallhólum en sunnan og vestan við þá landslagsgerð taka við grasi grónar flatir þar sem minja er frekar að vænta. Minjavörður gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða námu en minnir á að beita stórvirkum vinnuvélum vægilega og fara ekki útfyrir skipulagssvæði með framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Virðingarfyllst,



Uggi Ævarsson
Minjavörður

Afrit sent: skipulag@skipulag.is

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0037
LA

Efni: Umsögn um matsskyldu vegna aukinnar efnistöku í Minnivallanámu

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt frá Skipulagsstofnun, dags. 21. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn varðandi áform um aukna efnistöku úr Minnivallanámu í landi Minni-Valla, Rangárþingi Ytra.

Fram kemur að efnistaka hefur verið í Minnivallanámu í áratugi og að nú þegar hafa verið unnir um 20.000 m³ af bergi úr námunni á um 1,4 ha svæði. Fyrirhuguð er aukin efnistaka á allt að 70.000 m³ á bergi til viðbótar á um 5,4 ha af nær óröskuðu svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með tilkynntri framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þjorsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi runnið á nútíma fyrir um 8600 árum og tengist eldstöðvakerfinu í Bárðarbungu. Hraunið er áætlað um 970 km² að stærð og er að meðaltali um 26 m þykkt. Líklegt er talið að hraunið við Minnivallanámu sé um 20 m á þykkt.

Þjorsárhraunið er metið með hátt vísinda- og fræðslugildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Víða er Þjorsárhraunið þakið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum, en í Uppsveitum Árnassýslu eru nokkuð stór hraunasvæði þar sem yfirborð Þjorsárhraunsins er nær óraskað og vel greinilegt, t.d. í nágrenni við Minnivallanámu.

Samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd kemur fram að forðast ber að raska eldhraunum frá nútíma nema að brýna nauðsyn beri til og er þar fyrst og fremst átt við brýna almannahagsmuni. Í tilkynntri framkvæmd er brýn nauðsyn til efnistöku í Þjorsárhrauni frekar óljós, en nefnt er að afla efnis til hinna ýmsu framkvæmda s.s. í vegagerð, í húsbyggingar og önnur mannvirki (kafla 2.2).

Á fyrirhuguðu efnistökusvæði hefur Þjorsárhrauninu (Minnivallahrauni) nú þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku, bæði við Minnivallanámu og einnig um 3 km suðvestan við hana þar sem önnur og umfangsmeiri bergnáma er í notkun. Í nálægð námanna beggja liggur háspennulína og línuslóði yfir hraunið. Þetta rask á yfirborði hraunsins verður ekki bætt eða endurheimt, og raskið dregur úr verndargildi hraunsins. Samlegðaráhrif efnistökusvæðanna eru mikil og aukin efnistaka innan svæðisins mun draga enn frekar úr verndargildi hraunsins.

Efnistökusvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar vegna vatnsbóla VB8 við Tvíbytnulæk og VB9 við Kerauga. Í greinargerðinni eru taldar litlar líkur á mengun grunnvatns vegna efnistöku



á svæðinu. Náttúrufræðistofnun mælist til þess að tilgreindar séu aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys og eins að til séu viðbragðsáætlanir ef mengunarslys verða innan svæðisins.

Vegna sérstöðu og verndargildis Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að á þeim svæðum sem enn eru óröskuð sé leitast við að varðveita yfirborð hraunsins og hvetur sveitarfélög á Suðurlandi til að huga að vernd á óröskuðum hluta Þjórsárhrauns.

Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki matsskylda, en mælist til þess að tekið sé tillit til verndargildis hraunsins með góðri umgengni innan námusvæðisins, að stuðlað verði að góðri nýtingu með því að áfangaskipta efnistökkunni og koma í veg fyrir að yfirborði hraunsins sé raskað að óþörfu.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2024
UST202402-176/S.A.J.
10.05.00

Efni: Beiðni um umsögn - Efnistaka í Minnivallanámu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirhuguð er efnistaka á allt að 70.000 m³ af efni á 6,8 ha svæði í landi Minni-Valla í sveitarfélaginu Rangárþingi Ytra. Um er að ræða opna námu þar sem efnistaka hefur verið stunduð í áratugi og er áætlað að hingað til hafi verið teknir um 20.000 m³. Því verður heildarefnismagn sem tekið verður úr námunni 90.000 m³. Heimilt er að vinna allt að 50.000 m³ af efni skv. gilandandi aðalskipulagi, því er verið að auka efnistökuheimild um 40.000 m³. Hingað til hafa um 20.000 m³ af efni verið unnir á um 1,4 ha svæði og mun áframhaldandi efnistaka fara fram innan þess svæðis og á um 5,4 ha óröskuðu svæði sem liggur til suðvesturs í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði.

Minnvallanáma er í landi í landi Minni-Valla, um 18 km norðan við Hellu, skammt sunnan Landvegar (nr. 26) sem liggur frá Hringvegi vestan við Hellu. Stuttur slóði liggur frá Landvegi að efnistökusvæðinu. Landslag á svæðinu er fremur flatt með smáum hraunhæðum, en þunn jarðvegsþekja er ofan á hrauninu.

Efnistökusvæðið er staðsett í Þjórsárhrauni, nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þjórsárhraun þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendisins og er stærsta hraun á Íslandi að flatarmáli og rúmmáli. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar samkvæmt aðalskipulagsuppdraetti Rangárþings ytra.

Þjórsárhraun

Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Efnistaka er í eðli sínu óafturkræf framkvæmd því um mati Umhverfisstofnunar framkvæmdin valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats muni í þessu tilfelli ekki varpa skýrari mynd á áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

**Umsögn vegna matsáætlunar vegna efnistöku úr Minnivallanámu Rangárþingi ytra.**

Mál no. 0146/2024

Vegagerðin hefur yfirfarið matsáætlun vegna efnistöku úr Minnivallanámu í Rangárþingi ytra, sem unnin er af Eflu dags. 25.01.2024.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir
Fulltrúi tæknideild
Suðursvæði Vegagerðarinnar.

*Þetta skjal hefur verið samþykkt
rafrænt*

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is